

Handbók

*fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir
íbúa hjúkrunarheimila*



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

2.útgáfa, apríl 2019

Inngangur

Hjúkrunarheimili starfa í samræmi við samning við Sjúkratryggingar Íslands, lög og reglugerðir. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hafa útbúið handbók til að auðvelda nýjum íbúum og ættingjum þeirra að átta sig á hvað sé innifalið í dvalargjaldi sem greitt er fyrir dvölinu frá Sjúkratryggingum Íslands og með lögbundinni greiðsluþátttöku íbúa.

Hjúkrunarheimili hafa síðan mismunandi hátt á hvort viðbótarþjónusta sé í boði sem greitt er sérstaklega fyrir samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heimilis. Að öllu jöfnu er þjónusta sem íbúi á hjúkrunarheimili sækir sér utan heimilisins ekki innifalin í dvalargjaldi nema hún sé tilgreind hér í handbókinni. Ýmis sérákvæði geta gilt um heimili með sértæka þjónustusamninga, t.d. um Sóltún hjúkrunarheimili einkaframkvæmd.

Um leið og ég þakka vinnuhópi fagraðs hjúkrunar innan SFV fyrir framtakið vona ég að þessi handbók verði öllum til gagns og verði til þess að gera góða öldrunarþjónustu hér á landi enn betri og markvissari.

Pétur Magnússon
formaður SFV

Vinnuhópur frá Fagraði hjúkrunar innan SFV:

Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar Sóltúni

Ásgerður Gylfadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HSU Hornafirði

Birna Sif Atladóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar Ási

Helga Erlingsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar Öldrunarheimila Akureyrar

Sigrún Stefánsdóttir, forstöðumaður hjúkrunar Hrafnistu Reykjavík

Svanlaug Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar Sunnuhlíð

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Heilbrigðisþjónusta.....	5
Hjálpartæki.....	7
Máltíðir.....	9
Heimilishald.....	11
Ferðalög og akstur.....	13
Fatnaður.....	15
Hjúkrunarvörur.....	17
Persónulegt hreinlæti.....	19
Félagsstarf.....	21
Fjármál.....	23
Brotflutningur eða andlát.....	25
Annað.....	27



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Heilbrigðisþjónusta

„Hlutverk hjúkrunarheimilis er að búa einstaklingum, sem ekki geta dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn geti haldið reisu sinni og átt friðsælt andlát. Þjónustan skal byggjast á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegu lífsgæðum, sjá lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Meginviðfangsefni hjúkrunarheimila er að veita langtímahjúkrun, aðhlynningu og umönnun og félagslegan stuðning á faglegan og ábyrgan hátt sem byggist á umhyggju og virðingu fyrir íbúa og fjölskyldu hans.

Hugmyndafræði hjúkrunarheimilis skal taka mið af eftirtöldum þáttum:

Að búa íbúum vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing er í heiðri höfð.

Að skapa íbúum öryggi með viðeigandi félagslegum og heilsufarslegum stuðningi.

Að veita íbúum alla nauðsynlega hjúkrun, umönnun og læknishjálp.

Að styðja og styrkja sjálfsmynd og sjálfræði íbúa.

Stuðningur við einstaklinginn skal miða að því að viðhalda getu hans og virkni eins og kostur er með hans eigin þátttöku, hjúkrun, aðhlynningu, þjálfun, læknishjálp og hjálpartækjum og aðstoða hann við að takast á við breyttar aðstæður. "**

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Heilbrigðisþjónusta

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Augnlæknaþjónusta, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Blóðgjöf, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Fótaaðgerðarfræðingur - þjónusta		x
Heyrnar- og talmeinstöðin, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Hjúkrun metin og veitt á heimilinu	x	
Iðjuþjálfun skv. mati iðjuþjálfara	x	
Lyf ávísuð af lækni heimilisins	x	
Læknishjálp metin og veitt á heimilinu	x	
Rannsóknir ávísuð af lækni heimilisins	x	
Röntgengreiningar ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sérfræðilæknisþjónusta utan heimilis, án ávísunar af lækni heimilisins		x
Sérfræðilæknisþjónusta utan heimilis, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sjúkraþjálfun ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sjúkraþjálfun skv. mati sjúkraþjálfara heimilisins	x	
Súrefni, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Talmeinafræðingur - þjónusta ávísuð af lækni heimilisins	x	
Tannfræðingur - þjónusta		x
Tannlæknaþjónusta sjá reglugerð nr.451/2013 um þátttöku Sí í greiðslum		x
Vítamín og fæðubótarefni án ávísunar læknis		x



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Hjálpartæki

Skv. reglugerð nr. 427/2013 eiga íbúar hjúkrunarheimila rétt á hjálpartækjum sem heilbrigðisþjónusta á kostnað hjúkrunarheimila, en þar segir í 2. gr.:

„Öldrunarstofnanir skulu tryggja að þeir sem þar dvelja eigi kost á heilbrigðisþjónustu sem stofnunin kostar að fullu, hvort sem þjónustan er veitt inni á stofnuninni eða utan hennar. Þjónusta sem hver einstaklingur nýtur fer eftir einstaklingsbundnu mati á þörf. Um er að ræða eftirfarandi heilbrigðisþjónustu:

...

e. Hjálpartæki, þó ekki gleraugu, heyrnartæki eða hjólastóla.“

Það er hjúkrunarheimilisins að meta þörf íbúa fyrir hjálpartæki. Við skilgreiningu á því hvort tilgreint hjálpartæki telst liður í heilbrigðisþjónustu og fellur undir greiðsluskyldu hjúkrunarheimilis, skal litið til reglugerðar nr. 1155/2013 um styrki til hjálpartækja. Í fylgiskjali með reglugerðinni kemur fram listi yfir hjálpartæki, sem hægt er að styðjast við.

Skv. reglugerð 1155/2013 eiga íbúar á hjúkrunarheimilum rétt á hjólastólum frá Sjúkratryggingum Íslands.

Í fylgiskjali með reglugerð segir um val á hjólastólum:

„Tegund hjólastóls fer eftir færni og virkni viðkomandi. Dæmi: Léttir hjólastólar sem eru með auknum stillimöguleikum á hjólum/setstöðu og þar sem hægt er að taka hjól af eru frekar fyrir virka einstaklinga, einnig hugsanlega fyrir þá sem ekki ráða við annað vegna sjúkdóms og verða sjálfbjarga með léttari stól.“

Einfaldir hjólastólar eru almennt frekar fyrir þá sem eru ekki eins virkir, t.d. aldraða á dvalarstofnunum og þá sem ekki eru stöðugt háðir hjólastól.“

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/heilbrigdis/nr/19040>

Heyrnataeki

Í reglugerð 969/2015 er fjallað um styrki til kaupa á heyrnartækjum, þar segir:

Einstaklingar 18 ára og eldri sem eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og hafa tónmeðalgildi á betra eyranu ≥ 30 dB < 70 dB við tíðnina 0,5, 1,0, 2,0 og 4,0 kHz eða við tíðnina 2,0, 4,0 og 6,0 kHz eiga rétt á styrk að fjárhæð 50.000 kr. frá Sjúkratryggingum Íslands vegna kaupa á heyrnartækjum hjá rekstrarleyfishöfum, sbr. reglugerð um sölu heyrnartækja, nr. 148/2007.

Hver einstaklingur getur mest notið styrkja hjá Sjúkratryggingum Íslands eða greiðsluþátttöku hjá Heyrnar- og talmeinastöð, sbr. reglugerð um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar, fyrir tvö heyrnartæki, eitt fyrir hvort eyra, á hverju fjögurra ára tímabili. Heimilt er að víkja frá þessu ef heyrn breytist umtalsvert að mati háls-, nef- og eyrnalæknis þannig að talin er nauðsyn á nýju heyrnartæki. Framvísa skal vottorði því til staðfestingar.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/heilbrigdisraduneyti/nr/19837>

Hjálpartæki

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Gleraugu		x
Göngugrindur í eigu heimilisins	x	
Heyrnartæki (sjá reglugerð nr. 969/2015)		x
Hjólástólar (sjá reglugerð nr.1155/2013)		x
Loftdýnur skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	x	
Tanngómar		x
Rafhlöður í heyrnartæki		x
Nauðsynleg hjálpartæki skv. mati hjúkrunarheimilis og sem falla undir reglugerð nr. 1155/2013	x	
Stoðtæki/spelkur skv. umsókn frá sjúkraþjálfara/iðjuþjálfara	x	
Súrefnissíur (frá súrefnisþjónustunni)	x	
Súrefnissíur - ferðasíur		x
Öryggishnappur eða annar sértækur búnaður		x

Athuga þarf að heimilismanni og/eða ættingjum hans ber að sjá um skil á einstaklingsbundnum hjálpartækjum þegar notkun er hætt sbr. 5. grein reglugerðar nr. 1155/2013.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Máltíðir

„Hjúkrunarheimili skulu leggja áherslu á að umhverfi máltíða sé heimilislegt og hlýlegt. Fullt fæði telst vera morgunverður, hádegisverður, eftirmiðdagskaffi, kvöldverður og kvöldhressing. Að minnsta kosti ein máltíð, annað hvort hádegisverður eða kvöldverður, skal vera heit máltíð. Tími milli matmála, frá morgni til kvölds, skal að jafnaði ekki vera lengri en 3–4 klst. og tíminn frá kvöldhressingu til morgunverðar skal ekki vera lengri en 11 klst.

Samsetning fæðunnar skal taka mið af *Handbók um mataræði aldraðra* þar sem er að finna ráðleggingar Lýðheilsustöðvar (nú Embættis landlæknis) um mataræði og næringarefni. Rekstraraðili skal sérstaklega huga að næringarinnihaldi fæðisins, fjölbreytni máltíða og sérstökum þörfum og óskum íbúa.

Við skipulag máltíða er mikilvægt að hafðar séu í heiðri íslenskar venjur og siðir. Virða skal þá venju að hafa aðalmáltíð dagsins að kvöldi á aðfangadag og gamlársmorgun. Tekið skal tillit til almennra hátíðisdaga og merkisdaga í lífi íbúa.

Rekstraraðili skal taka tillit til sérstakra matarvenja sem íbúar hafa tileinkað sér og bjóða þeim fæði í samræmi við það. Þannig skulu þeir eiga rétt á grænmetisfæði eða kjöt- eða fisklausu fæði ef þeir óska þess og einnig fæði sem tekur mið af trúarbrögðum þeirra, t.d. fæði án svínakjöts. Einnig skal virða aðrar trúarlegar matarvenjur sem íbúar kunna að hafa, svo sem föstur. "*"

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Máltíðir**Innifalin
í dvalargjaldi****Ekki innifalin
í dvalargjaldi**

Máltíðir	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Áfengir drykkir		x
Einkaveislur þar sem íbúi býður gestum		x
Kaffi og meðlæti fyrir maka og gesti íbúa		x
Næringardrykkir skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	x	
Máltíðir fyrir maka og gesti íbúa		x
Máltíðir skv. matseðli heimilisins	x	
Sjúkrasérfræði skv. matseðli heimilisins	x	
Sérstakar matarvenjur skv. ákv. í kröfulýsingu	x	
Sérlegaðir kaffidrykkir		x
Óskafæði, aðkeypt		x

**SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**

Heimilishald

„Hjúkrunarheimili skal sjá um þvott á eigin líni og þvott á einkafatnaði íbúa sem þvo má í þvottavél, íbúunum að kostnaðarlausu, þó ekki einkafatnaði sem krefst meðhöndlunar í efnaaug eða handþvottar.“*

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Heimilishald

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Fataskápur	x	
Gardínur eða rúllugardínur	x	
Handklæði		x
Hreinsun á einkafatnaði		x
Hreinsun á gardinum og teppum		x
Ísskápur í einkaherbergi		x
Náttborð	x	
Sjúkrarúm	x	
Rúmdýna/legusáravarnard. skv. mati hjúkrunarfræðings heimilisins	x	
Rúmteppi		x
Ræsting skv. ræstingaráætlun heimilisins	x	
Sími og afnotagjöld af síma til einkaafnota		x
Sjónvarp og afnotagjöld í einkaherbergi		x
Sófar, stólar og sófaborð í einkaherbergi		x
Stólar og borð í einkaherbergi		x
Sæng og kodd		x
Sængur og koddar sem þurfa að fara í hreinsun		x
Sængurlín		x
Tryggingar á dýrum munum s.s. málverkum og listmunum		x
Tryggingar á einkamunum vegna bruna- og vatnstjóns	x	
Útvarp í einkaherbergi		x
Viðhald húsnæðis (almennt)	x	
Þvottur á einkafatnaði sem þolir almennan þvott í þvottavél	x	
Þvottur á líni; sængurlíni og sængum og koddum í þvottavél	x	
Þvottur á viðkvæmum einkafatnaði sem þarf að handþvo		x



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Ferðalög og akstur

Ferðalög í einkaerindum utan heimilis innanlands sem og erlendis er alfarið á kostnað og ábyrgð íbúa.

Samkvæmt lögum og öðrum settum reglum ber öldrunarstofnunum að tryggja að þeir heimilismenn sem þar dvelja eigi kost á heilbrigðisþjónustu (sem og annarri þjónustu af ýmsu tagi) sem stofnunin kostar að fullu, hvort sem þjónustan er veitt inni á stofnun eða utan hennar.¹ Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því í greiðslum til öldrunarstofnana fyrir þessa þjónustu, að þær taki ábyrgð á greiðslu kostnaðar sem fallið getur til vegna ferðalaga heimilismanna erlendis.

Leitið nánari upplýsinga hjá hjúkrunarheimili ef áætlað er að ferðast erlendis.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

¹ Sjá t.d. lög nr. 125/1999, reglugerð nr. 427/2013 o.fl.

Ferðalög og akstur**Innifalin
í dvalargjaldi****Ekki innifalin
í dvalargjaldi**

	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Akstur í einkaerindum		x
Akstur í sérmeðferðir utan heimilis		x
Akstur til sérfræðilæknis skv. ávísun læknis heimilisins	x	
Akstur til tannlæknis		x
Ferðir erlendis, flug /sigling/akstur o.fl.		x
Rafskutlur		x
Rekstur eigin bifreiðar		x
Sjúkraflutningar skv. ákvörðun hjúkrunarfræðings	x	
Sjúkraflug vegna ferða í einkaerindum innanland og erlendis		x

**SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**

Fatnaður

Íbúar sjá sér sjálfir fyrir einkafatnaði, þar með talin nærföt, sokkar og ytri föt.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

FatnaðurInnifalin
í dvalargjaldiEkki innifalin
í dvalargjaldi

Fatnaður	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Einkafatnaður		x
Merkimiðar á fatnað		x
Netbuxur	x	
Persónulegur nærfatnaður		x
Skór/inniskór		x
Sérsmíðaðir skór skv. reglum Sjúkratrygginga		x
Teygjusokkar skv. ávísun lækni/sjúkraþjálfara	x	

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Hjúkrunarvörur

Hjúkrunarheimili sjá fyrir nauðsynlegum hjúkrunarvörum sem íbúar þarfnast af heilsufarsástæðum samkvæmt mati hjúkrunarfræðings heimilisins.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Hjúkrunarvörur

Innifalin
í dvalargjaldi

Ekki innifalin
í dvalargjaldi

Hjúkrunarvörur	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Bleitur skv. innkaupalista heimilisins	x	
Undirbreiðslur skv. innkaupalista heimilisins	x	
Bleiubuxur skv. innkaupalista heimilisins	x	
Nálar	x	
Sáraverndandi krem skv.mati hjúkrunarfræðinga	x	
Sprautur	x	
Sondur	x	
Súrefnisvörur	x	
Stómavörur	x	
Umbúðir	x	
Þvagleggir	x	



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Persónulegt hreinlæti

„Hjúkrunarheimili skal sjá til þess að íbúum standi til boða hársnyrti- og fóttaaðgerðarþjónusta innan veggja heimilisins.

Íbúar greiða sjálfir fyrir þessa þjónustu. ”*

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Persónulegt hreinlæti**Innifalin
í dvalargjaldi****Ekki innifalin
í dvalargjaldi**

Dag- og rakakrem		x
Fótsnyrtiþjónusta		x
Hársnyrtiþjónusta		x
Hársnyrtivörur		x
Nuddþjónusta		x
Skeggsnyrtivörur		x
Snyrtifræðingur - þjónusta		x
Snyrtivörur makeup		x
Tannbursti og tannkrem		x

**SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**

Félagsstarf

„Íbúum skal standa til boða félagsstarf og tómsundaiðja sem stuðlar að virkni og auknum lífsgæðum. Íbúar skulu eiga þess kost að sækja virknistarf og þjálfun utan heimiliseiningar sinnar. Jafnframt skal leitast við að gefa kost á ferðum út í samfélagið á eigin kostnað íbúa svo komið verði til móts við þarfir sem flestra til félagslegra samskipta og samveru. Auk þess skulu þeir eiga kost á aðgengi að svæði til útiveru með aðstoð starfsfólks og/eða aðstandenda. Félagsstarf skal taka mið af óskum og líðan einstaklingsins á hverjum tíma.

Æskilegt er að boðið sé upp á trúarlegar athafnir með reglulegu millibili og sálgæsla skal standa íbúum til boða sé þess óskað sem og stuðningur við aðstandendur og starfsfólk. "*"

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

FélagsstarfInnifalin
í dvalargjaldiEkki innifalin
í dvalargjaldi

Félagsstarf	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Bíómiðar utanhúss		x
Dagblöð og tímarit		x
Félagsstarf skv. dagskrá heimilisins	x	
Sálgæsla	x	
Hreyfihópar t.d. stólaleikfimi - boccia - pílukast	x	
Leikhúsmiðar utanhúss		x
Námskeið á heimilinu - greiða þarf efnisgjald		x
Sjónvarp í sameiginlegum setustofum	x	
Sundferðir		x
Tónleika utanhúss		x
Útvarp í sameiginlegum setustofum	x	

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Fjármál

„Íbúi annast sjálfur fjárvörslu og umsýslu fjármuna sinna nema að hann ákveði, vegna veikinda eða fötlunar, að láta skipa sér ráðsmann til að annast fjárreiður sínar. Rekstraraðila eða starfsmönnum hans er óheimilt að hafa með höndum fjárvörslu fyrir íbúa.

Ráðsmaður.

Í þeim tilvikum sem íbúi eða aðstandandi hans getur ekki séð um fjármál íbúans skal rekstraraðili stuðla að því að hann sæki um að sér verði skipaður ráðsmaður skv. IV. kafla lögræðis laga, nr. 71/1997. "

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept.2016



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

FjármálInnifalin
í dvalargjaldiEkki innifalin
í dvalargjaldi

Fjármálaumsýsla		x
Bankþjónusta		x

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Brotthlutningur eða andlát

Við brotthlutning íbúa af heimilinu eða við andlát hans þurfa starfsmenn rekstraraðila að veita bæði íbúanum sjálfum og aðstandendum hans viðeigandi stuðning. Í þessu sambandi skal m.a. fara að lögum nr. 61/1998, um dánarvottorð, krufningar o.fl., og reglugerð nr. 248/2001, um ritun dánarvottorða o.fl. Einnig skal fara að fyrirmælum Embættis landlæknis á hverjum tíma, t.d. leiðbeiningum embættisins um andlát og umönnun látinna og aðstandenda þeirra.

*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III, bls. 13. Velferðarráðuneytið sept.2016



**SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**

Brotflutningur eða andlátInnifalin
í dvalargjaldiEkki innifalin
í dvalargjaldi

Kistulagning		x
Flutningur hins látna		x
Sálgæsla		x
Frágangur á eigum hins látna		x

SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Annað

Ef frekari spurningar vakna um þjónustuna eru íbúar og aðstandendur hvattir til að snúa sér til starfsfólks og stjórnenda hjúkrunarheimilisins. (*Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými, útgáfa III. Velferðarráðuneytið sept. 2016.)



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Annað**Innifalin
í dvalargjaldi****Ekki innifalin
í dvalargjaldi**

Túlkþjónusta varðandi upplýsingar um heilsufar og meðferð*	x	
------------------------------------------------------------	----------	--

*skv. 5.gr.laga nr.74/1997



**SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**